

## Sjálfbærnistefna Íslandshótela

Sjálfbærnistefna Íslandshótela myndar heildstæðan ramma um stefnu og stöðu félagsins í sjálfbærni og leggur um leið áherslu á gagnsæi og ábyrgð í sjálfbærniaðgerðum.

Tilgangur stefnunnar er að skilgreina megináherslur Íslandshótela um sjálfbærni út frá viðmiðum um umhverfispætti, félagslega þætti og góða stjórnarhætti (UFS viðmið). Auk þess að greina þau áhrif sem starfsemi félagsins getur haft á sitt nærumhverfi. Stefnunni er ekki ætlað að vera tæmandi og er hún studd af öðrum stefnum og reglum félagsins.

Sjálfbærnistefnan leggur áherslu á að fylgja UFS viðmiðum og tekur jafnframt mið af viðurkenndum stöðlum og öðrum viðmiðum sem eiga við um starfsemi félagsins þar á meðal viðmið um góða stjórnarhætti, Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og Nasdaq ESG Reporting Guide.

Íslandshótel munu birta árangur sinn hvað varðar sjálfbærni, í skýrslu samhliða árlegu uppgjöri félagsins frá árinu 2025. Framundan er innleiðing á evrópskum sjálfbærnireglugerðum (EU Taxonomy og CSRD tilskipunin) og mun Íslandshótel setja sér mælanleg og tímasett markmið í samræmi við lykilmælikvarða út frá tvöfaldri mikilvægisgreiningu og birta upplýsingar árlega. Íslandshótel nýta sér hugbúnaðarlausnir Klappa til gagnaöflunar, stjórnunar og gagnsæi upplýsinga um sjálfbærni í rekstri félagsins.

Íslandshótel hafa unnið markvisst að vottun fyrir hótél- og veitingareksturinn. Félagið hefur unnið að því að fá vottun frá Græna lyklinum, sem er í eigu Foundation of Environmental Education (FEE), fyrir öll hótél félagsins. Vottun frá Græna lyklinum staðfestir að hótél félagsins uppfylli umhverfis- og gæðakröfur samtakanna FEE. Gestum félagsins býðst þar með val um umhverfivænan kost. Þá er Hótel Reykjavík Grand einnig með umhverfivottun Svansins.

Íslandshótel eru einnig meðlimur í fjölda fagsamtaka í ferðaþjónustu og eru meðal helstu bakhjarla Festu - miðstöð um sjálfbærni og hefur félagið skrifað undir yfirlýsingar Festu er varða aðgerðir í loftslagsmálum og ábyrga ferðaþjónustu. Með ábyrgri ferðaþjónustu er átt við eftirfarandi:

- Ganga vel um og virða náttúruna.
- Tryggja öryggi gesta okkar og koma fram við þá af háttvísi.
- Virða réttindi starfsfólks.
- Hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið.

### Umhverfi

Íslandshótel vinna að því að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar eins og kostur er. Félagið leggur áherslu á að stuðla að auðlindanýtingu eins og orku og vatns, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og úrgangsmýndun frá starfseminni. Auk þess að leita leiða til þess að styðja við hringrásarhagkerfið og meta loftslagstengda áhættu í starfsemi félagsins. Íslandshótel mæla og meta heildarárangur í umhverfismálum út frá gögnum sem skráð eru í hugbúnaðarkerfi Klappa.

Helstu áherslur:

- Mæla beina og óbeina kolefnislosun.
- Draga úr kolefnislosun frá starfsemi.
- Fræðsla um umhverfismál.
- Draga úr úrgangsmyndun og bæta flokkun.
- Draga úr orkunotkun.
- Vistvæn innkaup.
- Draga úr vatnsnotkun.

### Félagslegir þættir

Íslandshótel leggur áherslu á fjölbreytileika, jafnrétti, inngildinguna og samstöðu á vinnustaðnum sem endurspeglast um leið í mannauðnum, jafnrétti og reglum um jöfn laun. Íslandshótel hafa hlotið jafnlaunavottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85/2012.

Helstu áherslur:

- Stuðla að heilbrigðu, öruggu og jákvæðu vinnuumhverfi.
- Mannréttindi.
- Tryggja öryggi gesta og koma fram við þá af háttvísi.
- Hafa jákvæð áhrif á samfélagið.

### Stjórnarhættir

Íslandshótel leggja ríka áherslu á góð samskipti stjórnar, framkvæmdastjórnar og annarra hagaðila félagsins. Félagið fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Stjórn félagsins hefur sett fram og samþykkt starfsreglur stjórnar og endurskoðunarnefndar. Auk þess hefur stjórn samþykkt starfskjarastefnu, stjórnarháttayfirlýsingu og reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti stjórnenda.

Íslandshótel fylgja alþjóðlegum og innlendum lögum og reglum gegn spillingu og hvetja viðskiptavinum sína, samstarfsaðila og birgja til að gera slíkt hið sama. Gagnsæi, áreiðanleiki, samstarf og nýsköpun eru lykilþættir í nálgun Íslandshótela á efnahagslegri ábyrgð.

Öflug persónuvernd er Íslandshótelum kappsmál og leggur félagið áherslu á að virða réttindi einstaklinga og að meðferð persónuupplýsinga sé ávallt í samræmi við gildandi reglur og í samræmi við bestu venjur í hótélrekstri. Félagið vinnur aðeins með þær persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar og í samræmi við þann tilgang sem liggur að baki söfnun upplýsinga. Sjá nánar um persónuvernd á heimasíðu félagsins [www.islandshotel.is](http://www.islandshotel.is)

Helstu áherslur:

- Stuðla að góðum stjórnarháttum og fylgni við útgefnar leiðbeiningar
- Aðgerðir gegn spillingu og mútum
- Sambönd við birgja



ÍSLANDSHÓTEL

### **Ábyrgð og endurskoðun stefnu**

Stjórn Íslandshótela samþykkir stefnuna en forstjóri félagsins er ábyrgðaraðili hennar.

Stefnan er endurskoðuð árlega og uppfærð ef tilefni er til, til að tryggja að Íslandshótel haldi áfram að starfa með félagslega, efnahagslega og umhverfislega ábyrgum hætti.

Samþykkt af stjórn Íslandshótela þann 24. janúar 2024.